

Grímsnes- og Grafningshreppur
Borg
805 Selfossi

Garðabær, 12. ágúst 2025
202507-0069/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Deiliskipulag - Tillaga - Hæðarendi spilda L208527 og Hæðarendi lóð L168255; Frístundabyggð í landi Hæðarenda - Grímsnes- og Grafningshreppur.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps vegna deiliskipulags fyrir frístundabyggð í landi Hæðarenda (L208527 og L168255), sem barst Náttúruverndarstofnun 11. júlí 2025. Um er að ræða 28 frístundalóðir á svæði sem er um 29,7 ha að stærð, þar af 19,1 ha lóðir. Svæðið er að hluta á náttúruminjaskrá, liggur við Hæðarendalæk og Búrfellslæk og innan þess eru hraunmyndanir, gróður og vistgerðir sem njóta verndar.

Gróður og vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé að mestu vaxið mosa og lyngi og að landið liggi að mestu ofan á Grímsneshrauni. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðisstofnunar er þar einkum að finna *mosahraunavist* og *lynghraunavist*.¹ Þó ekki sé um sjaldgæfar vistgerðir með hátt verndargildi að ræða, þá geta þær haft mikilvægt gildi fyrir gróðurfar og líffræðilega fjölbreytni. Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að raska sem minnst vistgerðum innan svæðisins, sérstaklega þar sem þær mynda samfellt hraunlandslag.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé að mestu ofan á Grímsneshrauni. Samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta hraun og hraunmyndanir sérstakrar verndar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Þá skal meta hvort mótvægisáðgerðir, s.s. að forðast veglagningu og lagnir yfir sjáanlegar hraunmyndanir, séu mögulegar.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúruminjaskrá – aðrar náttúruminjar

Í greinargerð kemur fram að hluti skipulagssvæðisins sé í C-hluta náttúruminjaskrár, sem nær yfir Hæðarendalæk og Búrfellslæk, auk Digrahóls. Í skránni segir að þetta séu „fallegir lækir í hraunjaðri í grennd við ört vaxandi sumarhúsabyggð“.

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið fellur undir aðra náttúruminjar á náttúruminjaskrá.²

Í samræmi við það telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að gætt sé varúðar við skipulag og framkvæmdir í grennd lækjarins og að byggingar og mannvirki verði staðsett utan áhrifasvæðis hans.

Fuglalíf og mikilvægi svæðis

Skipulagssvæðið er innan svæðis sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði. Þar með er talin aukin skylda til að vega og meta áhrif framkvæmda á fuglalíf. Þó ekki sé ítarlega fjallað um fugla í greinargerð, þá má ætla að lyng- og mosavaxin hraun og votlendi við lækina veiti búsvæði ýmsum varpfuglum, m.a. tegundum sem teljast til ábyrgðartegunda Íslands (t.d.

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/>

hrossagaukur, spói og lóa). Náttúruverndarstofnun bendir á að forðast beri að hefja framkvæmdir á varptíma.³

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur

³ <https://vistgerdakort.ni.is/>